

FUNDARBOÐ

274. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar
verður haldinn í Hjálmakletti, fimmtudaginn 12. febrúar 2026 og hefst kl.
16:00

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra

2. 2601124 - Viðauki við fjárhagsáætlun Borgarbyggðar 2026

Afgreiðsla frá fundi Borgarbyggðar nr. 734: "Framlögð tillaga að viðauka I við fjárhagsáætlun Borgarbyggðar 2026.

Lögð fram tillaga að viðauka I við fjárfestingaráætlun 2026. Samtals felur hann í sér hækkun að fjárhæð 96 m.kr. vegna GBF á Kleppjárnshöfðum (40 m.kr.), rennibraut við sundlauginni í Borgarnesi (50 m.kr.) og framkvæmdar við Kveldúlshöfða/Fjóluklett (6 m.kr.) Vísað til fullnaðarafgreiðslu í sveitarstjórn. Samþykkt samhljóða."

3. 2510200 - Gjaldskrár 2026

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 732: "Framlögð tillaga að gjaldskrá fyrir félagsheimili í Borgarbyggð.

Byggðarráð samþykkir að vísa gjaldskrá fyrir félagsheimili í Borgarbyggð til sveitarstjórnar. Gjaldskráin felur í hækkun sem samsvarar 3,2% á milli ára.

Samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 734: "Framlögð tillaga að breytingu á gjaldskrá skipulagsfulltrúa en um er að ræða breytingu er snýr að lóðamálum, stofnun eða breytingu á lóðum.

Byggðarráð samþykkir framlagða tillögu að breytingu á gjaldskrá skipulagsfulltrúa. Annars vegar er um að ræða lækkun á umsýslugjaldi og hins vegar hækkun á þinglýsingargjaldi sem kemur til af hækkun gjaldskrár sýslumanns. Samþykkt samhljóða og vísað til fullnaðarafgreiðslu í sveitarstjórn."

4. 2602078 - Erindi til Innviðaráðuneytisins - staðfesting sameiningar

Lagt fram erindi til Innviðaráðuneytisins vegna sameiningar Borgarbyggðar og Skorradalshrepps þar sem listuð eru upp helstu verkefni stjórnar til undirbúnings

sameiningar sveitarfélaganna.

5. 2602076 - Sameiginleg yfirkjörstjórn Borgarbyggðar og Skorradalshrepps fyrir sveitarstjórnarkosningar 2026

Lagt fram til kynningar í samræmi við tillögu stjórnar um undirbúning sameiningar Borgarbyggðar og Skorradalshrepps að sveitarstjórnir sveitarfélaganna skipi sameiginlega kjörstjórn vegna sveitarstjórnarkosninganna sem fram fara 16. maí nk. Stjórnin leggur til að sameiginleg yfirkjörstjórn verði skipuð tveimur fulltrúum frá Borgarbyggð og tveimur til vara og einum fulltrúa frá Skorradalshreppi og einum til vara. Þá er lagt til að skipun undirkjörstjórna og skipting í kjördeildir verði óbreytt í Borgarbyggð en að Skorradalshreppur verði sérstök kjördeild. Kjörstjórn Skorradalshrepps verði undirkjörstjórn í Skorradalskjördeild.

6. 2205140 - Kosningar í ráð og nefndir 2022-2026

Í samræmi við tillögu stjórnar um undirbúning sameiningar Skorradalshrepps og Borgarbyggðar er lagt til að skipuð verði sameiginleg yfirkjörstjórn beggja sveitarfélaga og að kjörstjórn Skorradalshrepps verði falið hlutverk undirkjörstjórnar í Skorradalskjördeild.

7. 2601242 - Frumvarp til laga um lagareldi

Afgreiðsla byggðarráðs frá fundi nr. 733: "Rædd drög að frumvarpi til laga um lagareldi sem verið hafa í samráðsgátt og lögð fram umsögn sveitarfélagsins.

Framlögð eftirfarand umsögn Borgarbyggðar:

Um Borgarbyggð renna margar af bestu laxveiðiám landsins. Veiðihlunnindi er undirstaða verðmætis fjölmargra jarða og nýting þeirra veitir fjölda fólks atvinnu í sveitarfélaginu. Jarðeigendur hafa varið óhemju tíma og fjármunum til uppbyggingar og markaðssetningar veiðihlunninda. Þá hafa upprekstrarfélög og sveitarfélagið sjálft talsverðar tekjur af veiðirétti. Ímynd svæðisins og sjálfsmynd íbúa er nátengd lax- og silungsveiði.

Íbúar víða í Borgarbyggð hafa miklar áhyggjur af uppbyggingu sjókvíeldis við Ísland. Ef illa fer og villtir stofnar bera skaða af fæli það í sér fjárhagslegt áfall fyrir sveitarfélagið og íbúa þess. Tjónið á lífríkinu væri óbætanlegt. Mjög sterk hreyfing er innan sveitarfélagsins sem telur að stöðva eigi með öllu laxeldi í sjó við Ísland.

Markmið frumvarpsins er að uppbygging laxeldis verði sjálfbær og ábyrg og tryggi vernd villtra nytjastofna. Borgarbyggð óttast hins vegar að frumvarpið tryggi ekki nægjanlega að þessum markmiðum verði fylgt eftir í framkvæmd. Borgarbyggð telur brýnt að löggjöf um lagareldi tryggi að fyllstu varúðar sé gætt og henni fylgt eftir með eftirliti, tryggingum og viðurlögum. Þannig er mikilvægt að frumvarpið tryggi að veiðiréttarhöfum og sveitarfélögum yrði bætt að fullu tjón ef áfall í laxeldi leiðir af sér tjón á lífríki laxveiðiáa, að svo miklu leyti sem það er hægt.

Að mati Borgarbyggðar er ástæða að styrkja frumvarpið hvað varðar vernd lífríkis í ám og tryggja að hagsmunir veiðiréttarhafa séu metnir til jafns við aðra hagsmuni.

Borgarbyggð lýsir yfir áhuga á að koma að frekari vinnu við lagasetninguna.

Byggðarráð samþykkir samhljóða framlagða umsögn.

8. 2601152 - Kæra til Úrskurðanefndar um upplýsingamál

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 733: "Framlögð tilkynning frá Úrskurðarnefnd um upplýsingamál um kæru sem borist hefur frá IKAN ehf. vegna synjunar um aðgang að gögnum.

Framlagt og sveitarstjóra falið að svara.

Samþykkt samhljóða."

Afgreiðsla fundar byggðarráðs frá fundi nr. 734: "Framlagt svar Borgarbyggðar til Úrskurðarnefndar um upplýsingamál vegna kæru sem nefndinni barst frá IKAN ehf. vegna synjunar um aðgang að gögnum.

Framlagt og samþykkt samhljóða."

9. 2601074 - Stjórnsýslukæra íbúasamtakanna Sólar til framtíðar

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 733: "Framlögð stjórnsýslukæra sem Innviðaráðuneytinu hefur borist frá samtökunum Sól til framtíðar þar sem kærð er ákvörðun sveitarstjórnar Borgarbyggðar frá 11. desember 2025 um að hafna beiðni kæranda um að fram fari söfnun undirskrifta vegna samþykktar sveitarfélagsins á aðalskipulagi Borgarbyggðar.

Kæra og drög að greinargerð sveitarfélagsins lögð fram. Byggðarráð samþykkir framlagða greinargerð og felur sveitarstjóra að senda til Innviðaráðuneytisins.

Samþykkt samhljóða."

10. 2512169 - Fundargerðir stjórnar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Lagðar fram fundargerðir frá stjórn um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps frá fundum 1 - 3.

11. 1810002 - Félagslegt leiguhúsnæði

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 734: "Í samræmi við bókun fundar byggðarráðs nr. 729 eru lögð fram drög að stefnu Borgarbyggðar um félagslegt leiguhúsnæði. Kynntar hugmyndir að næstu skrefum þróunar á félagslegu leiguhúsnæði Borgarbyggðar.

Drög að stefnu Borgarbyggðar um félagslegt leiguhúsnæði styðja það markmið að sveitarfélagið geti boðið leiguhúsnæði fyrir skjólstæðinga sína í samstarfi við óhagnaðardrífín leigufélög. Hún stuðlar að því að tryggja leigutökum húsnæði sem fellur betur að þörfum þeirra. Markmið með stefnunni er:

Að bjóða upp á viðeigandi félagslegt leiguhúsnæði fyrir íbúa sem uppfylla skilyrði laga og reglna sveitarfélagsins.

Að stuðla að félagslegri blöndun, koma í veg fyrir samþjöppun félagslegs húsnæðis og vinna gegn félagslegri einangrun íbúa.

Að nýta fjármuni sveitarfélagsins á hagkvæman hátt.

Að stuðla að því að framboð félagslegs húsnæðis samræmist þörfum íbúa.

Að tryggja fyrirsjáanleika í kostnaði fyrir bæði sveitarfélagið og leigjendur.

Að draga úr langtímaábyrgð sveitarfélagsins á viðhaldi og rekstri húsnæðis, án þess að skerða þjónustu eða aðgengi.

Drög að framkvæmdaramma 2026-2029 gerir ráð fyrir húsnæðisframlagi af hálfu sveitarfélagsins í verkefni að þessum toga.

Stefnan er í samræmi við umræður og samþykktir velferðarnefnd.

Samþykkt samhljóða."

12. 2104092 - Grunnskóli Borgarfjarðar- Kleppjárnsreykjadeild - framkvæmdir á skólahúsnæði

Afgreiðsla byggðarráðs Borgabyggðar:"Í samræmi við afgreiðslu fundar byggðarráðs nr. 733 er lögð fram frekari samantekt kostnaðar og drög uppgjöri á verkinu í heild.

Framlögð samantekt Eflu á kostnaði og drög að fullnaðaruppgjöri á verkinu. Það sýnir að útlit er fyrir að heildarkostnaður vegna samningsverks við endurbyggingu hluta af húsnæði Grunnskóla Borgarfjarðar, Kleppjárnsreykjum verði 1.279 m.kr. en það samsvarar um 20% hærri fjárhæð en upphaflegt tilboð að teknu tilliti til verðbóta. Hluti fellur inn á árið 2026 og leggur byggðarráð til við sveitarstjórn að hækka fjárfestingarramma vegna nýbyggingar GBF á Kleppjárnsreykjum um 40 m.kr. og hefur verið gert ráð fyrir þeirri hækkun í viðauka I við fjárhagsáætlun 2026.

Samþykkt samhljóða.

Sigurður Guðmundsson byggðarráðsfulltrúi lagði fram eftirfarandi bókun:

"Nú liggur fyrir að umtalsverður auka kostnaður hefur fallið á byggingu grunnskólans á Kleppjárnsreykjum. Það eru mikil vonbrigði að þetta sé niðurstaðan, verst er þó að upplýsingar um raunstöðu verksins hafa ekki borist byggðaráði yfir verktímanum, sem engan veginn er ásættanlegt fyrir kjörnafulltrúa. Þessi skortur á upplýsingargjöf er alfarið á ábyrgð meirihluta framsóknarmanna í sveitarstjórn Borgarbyggðar. Í ljósi þessari stöðu vakna upp spurningar, meðal annars hvort farið hafi verið fram úr fjárheimildum. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins spurðust fyrir um fjárheimildir og stöðu verksins á liðnu hausti og var farið yfir þau mál við gerð viðauka við fjárhagsáætlun í september þar sem fjárþörf vegna byggingar grunnskólans á Kleppjárnsreykjum var skoðuð sérstaklega á milli funda í Byggðaráði. Eftir þá skoðun var ekkert sem benti til annars en að verkið yrði innan áætlana. Niðurstaðan núna sýnir að upplýsingagjöf, til kjörna fulltrúa, um stöðu framkvæmda á vegum sveitarfélagsins er ekki ásættanleg. Við yfirferð á verkfundargerðum nr. 45-48 er ekki fjallað um nein aukaverk þó sér kafli sé í verkfundargerðum þess efnis. Þetta er mjög sérstakt og þarfnast útskýringa.

Í ljósi þessa þá óska ég óska eftir upplýsingum um greiðslustöðu verkefnisins miðað við fjárheimildir þ.e. hvort verkefnið hafi á verktímanum verið innan fjárheimilda síðasta árs

og að það yfirlit sé með tímalínu sem sýni raun stöðu verksins á hverjum tíma miðað við fjárheimildir. Jafnframt óska ég eftir sundurliðuðu yfirliti yfir aukaverk, þar sem fram koma upplýsingar um umsamda upphæð, endanlega upphæð, ástæðu fyrir aukaverkinu, hvernig og hvenær verkin hafi verið samþykkt. Óskað er eftir að þessi gögn verði lögð fyrir sveitarstjórn á næsta sveitarstjórnarfundi."

13. 2512018 - Krafa vegna verklauna

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 734: "Lögð fram greinargerð Borgarbyggðar í málinu.

Framlagt og samþykkt samhljóða."

14. 2511072 - Vatnsrennibraut við sundlaug í Borgarnesi

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 734: "Lögð fram opnunarskýrsla verðfyrirspurnar í endurnýjun vatnsrennibrautar í sundlauginni í Borgarnesi. Til fundarins kemur Hlynur Ólafsson verkefnastjóri á skipulags- og umhverfissviði.

Lögð fram með fyrirvara um reikni- og/eða innsláttarvillur. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og leggja fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða."

15. 2203079 - Bjargsland og Kveldúlfshöfði - Gatnagerð og kostnaður

Afgreiðsla fundar byggðarráðs frá fundi nr.: "Yfirferð á gatnaframkvæmd við Fjóluklett. Framlagðar aukaverkabeiðnir vegna vegslóða til uppbyggingar á mön og einnig lagfæringar á vegslóða samhliða gatnagerð til uppbyggingar á 2.áfanga framkvæmdarinnar. Samtals kostnaður við aukaverkabeiðnir um 5,2 m.kr.

Byggðarráð samþykkir framlagðar aukaverkabeiðnir. Stór hluti kostnaðar við þessi aukaverk mun nýtast við gerð göngustígar sem áformaður er í deiliskipulagi svæðisins.

Samþykkt samhljóða."

16. 2509327 - Umsókn um breytingu á deiliskipulagi

Afgreiðsla 83. fundar skipulags- og byggingarnefndar:
"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða deiliskipulagsbreytingu skv. 42. gr. skipulagslaga 123/2010.
Samþykkt samhljóða"

17. 2602030 - Br. dsk Flatahverfi - Hrafnafliót

Afgreiðsla 83. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 42. gr. skipulagslaga 123/2010. Breytingin á við um svo óveruleg frávik að hagsmunir nágranna skerðast í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn.

Málsmeðferð verður skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og 3. mgr. 44. gr. sömu laga.
Samþykkt samhljóða"

18. 2601020 - Húsafell 3 - umsókn um deiliskipulag - L134495

Afgreiðsla 83. fundar skipulags- og byggingarnefndar:
"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna óverulegra breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. og 44. gr. skipulagslaga 123/2010 fyrir eigendum Stórarjóðurs 5, 8 og 9.
Samþykkt samhljóða"

19. 2601077 - Umsókn um deiliskipulag

Afgreiðsla 83. fundar skipulags- og byggingarnefndar:
"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að grenndarkynna óverulegra breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. og 44. gr. skipulagslaga 123/2010 fyrir eigendum Ásenda 2, 3, 4, 8, 9 og 10.
Samþykkt samhljóða"

20. 2307084 - Samtal um stöðu og stefnu Háskólans á Bifröst

Háskólinn á Bifröst er hluti af öflugu háskólasamfélagi í Borgarbyggð. Hann á rætur á Bifröst og saga hans er liðlega hundráð ára gömul. Starfsemi og umsvif skólans skipta sveitarfélagið og allt samfélagið í Borgarbyggð miklu máli.

21. 2512053 - Samgönguáætlun 2026-2040

Lögð fram samgönguáætlun 2026-2040.

Fundargerð

22. 2601018F - Bygðarráð Borgarbyggðar - 732

- 22.1 2601124 - Viðauki við fjárhagsáætlun Borgarbyggðar 2026
- 22.2 2510203 - Endurheimt Hítarár - erindi til Borgarbyggðar
- 22.3 2601123 - Samstarfssamningar um hátíðir 2026
- 22.4 2405162 - Samskipti við Veitur vegna vatnsveitu á Varmalandi
- 22.5 2004149 - Egilsgata 11 - lóðamál
- 22.6 2510200 - Gjaldskrár 2026
- 22.7 2601114 - Úttekt HMS á Slökkviliði Borgarbyggðar
- 22.8 2504239 - Fundargerðir Faxaflóahafna sf - 2025.
- 22.9 2509104 - Þjónustukönnun sveitarfélaga 2025

23. 2601025F - Bygðarráð Borgarbyggðar - 733

- 23.1 2601124 - Viðauki við fjárhagsáætlun Borgarbyggðar 2026
- 23.2 2305024 - Umræða um fjármagnsskipan Faxaflóahafna
- 23.3 2601242 - Frumvarp til laga um lagareldi
- 23.4 2104092 - Grunnskóli Borgarfjarðar- Kleppjárnareykjadeild - framkvæmdir á skólahúsnaði
- 23.5 2311091 - Vallarás - hönnun og framkvæmdir
- 23.6 2601241 - Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga 2026
- 23.7 2601152 - Kæra til Úrskurðanefndar um upplýsingamál

- 23.8 2601074 - Stjórnsýslukæra íbúasamtakanna Sólar til framtíðar
- 23.9 2512169 - Fundargerðir stjórnar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps
- 23.10 2601170 - Umsagnarmál frá Alþingi 2026

24. 2602001F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 734

- 24.1 2601124 - Viðauki við fjárhagsáætlun Borgarbyggðar 2026
- 24.2 1401005 - Reglur um fjárhagsaðstoð
- 24.3 2510200 - Gjaldskrár 2026
- 24.4 1810002 - Félagslegt leiguhúsnaði
- 24.5 2601152 - Kæra til Úrskurðanefndar um upplýsingamál
- 24.6 2601254 - Styrktarsjóður EBÍ-umsóknarfrestur til febrúarloka 2026
- 24.7 2104092 - Grunnskóli Borgarfjarðar- Kleppjárnsreykjadeild - framkvæmdir á skólahúsnaði
- 24.8 2602023 - Erindi frá Brákarbraut 19 vegna Brákareyjar
- 24.9 2512018 - Krafa vegna verklauna
- 24.10 2601170 - Umsagnarmál frá Alþingi 2026
- 24.11 2601170 - Umsagnarmál frá Alþingi 2026
- 24.12 2601170 - Umsagnarmál frá Alþingi 2026
- 24.13 2602005 - Fundargerðir Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2026
- 24.14 2511072 - Vatnsrennibraut við sundlaug í Borgarnesi
- 24.15 2203079 - Bjargsland og Kveldúlfshöfði - Gatnagerð og kostnaður

25. 2601031F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 83

- 25.1 2509327 - Umsókn um breytingu á deiliskipulagi
- 25.2 2602030 - Br. dsk Flatahverfi - Hrafnaföt
- 25.3 2601020 - Húsafell 3 - umsókn um deiliskipulag - L134495
- 25.4 2601077 - Umsókn um deiliskipulag
- 25.5 2601075 - selás 11 - umsókn um deiliskipulag - L177900
- 25.6 2601181 - Fyrirspurn um skipulagsmál
- 25.7 2601289 - Snæfellsnesvegur (54) - umsókn um framkvæmdaleyfi
- 25.8 2601017F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 69
- 25.9 2602005F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 255

26. 2602004F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 85

- 26.1 2512186 - Bjarnhólar - framtíðarskipulag
- 26.2 2602013 - Rúlluplast 2026
- 26.3 2602028 - Kynningarmál - sorpþjónusta

27. 2601005F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 249

- 27.1 2601055 - Fjórbíómið - mönnun grunnskóla

- 27.3 2509087 - Útboð á skóla- og tómstundaakstri fyrir skólaárið 2026-2027
- 27.4 2510108 - Samþætting frístundar og íþróttastarfs
- 27.5 2511136 - Húsnæði frístundar á Hvanneyri.
- 27.6 2601047 - Brúum umönnunarbilið skýrsla og tillögur aðgerðahóps
- 27.7 2601050 - Reglur um greiðslur vegna dvalar barna hjá dagforeldrum
- 27.8 2601041 - Opnun á nýju húsnæði Grunnskóla Borgarfjarðar
Kleppjársreykjadeild

28. 2601027F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 250

- 28.1 2601091 - Ósk um breytingu á upptökusvæði skóla.
- 28.2 2601062 - Leiðsögn hjá MMS við innleiðingu á stuðningsefni um skipulag náms, kennslu og námsmats vorið 2026
- 28.3 2409322 - UMSB - samstarfssamningur
- 28.4 2601255 - Ósk um tómstundaakstur

10.02.2026

Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslu.